

M-8/2012. Álit 24. apríl 2012.

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 24. apríl 2012 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-8/2012.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 19. janúar 2012 bað X, hér eftir nefnd álitsbeiðandi um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir nefndur seljandi. Telur álitsbeiðandi bifreiðina vera haldna göllum og gerir körfu um að seljandi endurgreiði útlagðan viðgerðarkostnað.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 20. janúar 2012, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðnina og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 6. febrúar 2012. Hinn 13. febrúar voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna. Frekari athugasemdir bárust ekki.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt kaupsamningi og afsali, dags. 23. júlí 2010, sem fylgdi gögnum málsins keypti SP Fjármögnun hf. bifreiðina xx-000 af seljanda. Álitsbeiðandi er umráðamaður bifreiðarinnar. Þar er skráð að bifreiðin sé af gerðinni Skoda Superb Elegance 2,8, framleiðsluár sé 2003, fyrsti skráningardagur x. október s.á. og að bifreiðinni hafi verið ekið 112.000 km. Var bifreiðin keypt í gegnum bílasöluna Z og var kaupverð kr. 1.290.000.

Í álitsbeiðninni segir um ágreiningsefni aðila:

„Ágreiningsefnið er á þann vegin [sic] að við lendum í smá tjóni hægra megin framan á bílnum og fer ég með bílinn í viðgerð hjá A Þar kemur í ljós að fyrri eigandi hafi lent í tjóni bílstjóramegin(vinstram) og sú viðgerð var vægast sagt illa gerð. (saman ber skriflegt bréf frá bifreiðaverkstæðinu). Ég hafi samband og hann vildi ekki taka þátt í kostnað, bílasalinn sem seldi okkur bílinn hringdi í hann og þar sagði hann sama, að hann myndi ekki borga þennan leynda galla. Bílasalinn tjáði honum þá að við myndum kæra þetta, eins og ég hafði beðið bílasalann um að segja ef hann neitaði aftur. Aukakostnaður við að laga bílinn er 270-280 þúsund [...]“

Með álitsbeiðninni fylgir bréf frá bifreiðaverkstæðinu A sem gerði við bílinn en þar segir orðrétt:

„Í ljós kom þegar að framstuðari var tekinn af bílnum að eldra tjón er á vinstra framhorni og er það algjörlega ófullnægjandi viðgert, grindarnef gengið til um lágmark 1cm þannig að framstykki passar ekki í bílinn, búið að fræsa úr götum ca 1cm til hliðar og svipað niður á við, bendir til þess að grindarnef sé skakkt um 1cm upp og 1cm inn eftir er að mæla það nákvæmlega, en til þess þarf bifreiðin að fara í réttingarbekk, einnig er búið að skera í stuðarabita til að láta hann passa á bifreiðina og vinstra framljós fullt af vatni sem bendir til þess að það hafi orðið fyrir höggi, en það er erfitt að full sanna það kannski.

En greinilega er búið að fela þetta tjón á bílnum og hreifa við öryggisbúnaði á mjög svo hættulegan máta, á ég þar fyrst og fremst við stuðarabitan sem er greinilega búið að skera í sundur.

Varahlutir sem þarf til að laga þetta tjón eru eftirfarandi
Framstykki, stuðarabiti og vinstra framljós“

Þá fylgja einnig með álitsbeiðninni tvær myndir sem sýna hvernig búið er að fræsa úr götum og skera í stuðarabita eins og lýst er í bréfinu.

Í álitsbeiðninni segir ennfremur:

„Krafan er skýr. Að fyrri eignadi borgi þann kostnað sem þarfti [sic] til að laga bílinn. Bílinn var í raun hættulegur í umferð (grindarskakkur o.fl.)
Kostnaður 277.261 kr.“

Loks fylgir með álitsbeiðni reikningur dags. 6. desember 2011 frá A. Er reikningurinn vegna varahluta, vinnu samkvæmt gjaldskrá verkstæðis, vegna viðgerðar á framljósi og einnig vegna aðkeyptrar vinnu við ljósastillingu fyrir kr. 268.534 að viðbættum virðisaukaskatti. Kemur fram að reikningurinn sé vegna viðgerðar á eldra tjóni á vinstra framhorni.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir m.a.:

„Í máli álitsbeiðanda kemur fram að hún hafi lent í „smá tjóni“ á hægra horni umræddrar bifreiðar og því farið með bifreiðina í viðgerð hjá A, í kvörtun hennar segir „Þar kemur í ljós að fyrri eigandi hafi lent í tjóni bilstjóramegin (vinstram) og sú viðgerð var vægast sagt illa gerð“. Í kvörtun sinni fullyrðir álitsbeiðandi að undirritaður hafi lent í tjóni á umræddri bifreið sem hafi valdið því að gera þurfti við bifreiðina umfram það sem álitsbeiðandi ætlaði út af sínu eigin tjóni og að kostnaður vegna meint tjón undirritaðs væri kr. 277.261. Undirritaður vísar þessari fullyrðingu á bug enda ekki lent í tjóni á bifreiðinni meðan að hún var í eigu undirritaðs. Undirritaður keypti bifreiðina xx-000 af B, í nóvember 2009. Undirritaður lét geta við bifreiðina enda kaupverðið í samræmi við það sem talið var að viðgerð á umræddri bifreið myndi kosta. Undirritaður er ekki menntaður í bifreiða viðgerðum og gat því með engu móti lagt mat á það hvort viðgerð á bifreiðinni væri ábótavant eða ekki en hafði enga ástæðu til þess að ætla annað en að viðgerðin á bifreiðinni væri í lagi. Eins og eðlilegt er gekk undirritaður út frá því að viðgerð á bifreiðinni væri í samræmi við það sem almennt gerist. Undirritaður taldi ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við viðgerð á bifreiðinni sérstaklega í ljósi þess að umrædd bifreið fór, án athugasemda, í gegnum lögbundna aðalskoðun en síðasta aðalskoðun á bifreiðinni, þegar hún var enn í eigu undirritaðs, fór fram þann 4. maí 2010 eða tæpum þremur mánuðum áður en bifreiðin var seld álitsbeiðanda. Undirritaður vísar fullyrðingu álitsbeiðanda um að bifreiðinn hafi verið hættuleg í umferð alfarið á bug enda gerir undirritaður ráð fyrir því að slíkar bifreiðar séu teknar úr umferð við aðalskoðun komi það í ljós að bifreið geti skapað hættur í umferð.“

Þá vísar seljandi í skilmála kaupsamnings er varða skoðunarskyldu kaupanda og upplýsingaskyldu seljanda og segir jafnframt:

„Við sölu á umræddri bifreið kom undirritaður því á framfæri að hann hafði keypt bifreiðina tjónaða. Undirritaður hafði því sinnt upplýsingaskyldum sínum samkvæmt ákvæðum laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, sérstaklega 19. gr. nefndra laga, enda var undirritaður í góðri trú þegar hann seldi umrædda bifreið.“

Í kvörtun álitsbeiðanda kemur fram að meintur galli hafi komið í ljós eftir að álitsbeiðandi lenti í „smá tjóni“ á umræddri bifreið. Jafnframt kemur fram í bréfi C hjá A, sem fylgir með kvörtun álitsbeiðanda, að í ljós hafi komið „algjörlega ófullnægjandi viðgert“ að auki kemur fram „vinstra framljós fullt af vatni sem bendir til þess að það hafi orðið fyrir höggi, en það er erfitt að full sanna það kannski“. Hér virðist sem svo að A, gefi sér að undirritaður hafi lent í hinum ýmsu tjónum án þess að hægt sé að færa sönnur fyrir því sem ætla má að hafi haft áhrif á hið meinta tjón sem hér er til umræðu. Rétt er að taka fram að bifreiðin er u.þ.b. níu ára gömul og má gera ráð fyrir því að tími sé komin á ýmskonar viðhald. Hvergi í bréfi C er tekin afstaða til þess hvort hið meinta „smá tjón“ álitsbeiðanda hafi getað haft áhrif á hið meinta tjón sem lýst hefur verið hér og álitsbeiðandi byggir kvörtun sína á.

Undirrituðum var ekki og gat ekki verið kunnugt um að nokkuð hafi verið að umræddri bifreið þegar hún var seld enda hafði hún farið í gegnum lögbunda aðalskoðun 2 sinnum áður en hún var seld álitsbeiðanda. Þá hafði undirritaður átt umrædda bifreið í um rétt á og hafði ekkert komið upp sem vakið hafi grunsemdir undirritaðs um að ekki væri allt í lagi með bifreiðina. Undirritaður telur að ekki hafi verið sýnt nægilega fram á skv. fylgiskjali við kvörtun álitsbeiðanda (Valitor kortalán) sé vegna meints fyrra tjóns en ekki vegna „smá tjóns“ eða annars tjóns sem álitsbeiðandi kann sjálf að hafa lent í enda eru um eitt og hálf ár síðan undirritaður seldi álitsbeiðanda bifreiðina xx-000.“

Loks hafnar seljandi að taka á sig umræddan kostnað álitsbeiðanda að öllu leyti eða að hluta.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1.- 3. mgr. 1. gr. laganna.

Líkt og að framan greinir er álitsbeiðandi umráðamaður bifreiðina xx-000. Var hún keypt þann x. júlí 2010 fyrir kr. 1.290.000. Bifreiðin er árgerð 2003 og fyrsti skráningardagur hennar x. október s.á. Bifreiðin var því tæplega 7 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 112.000 km. Þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi.

Í áður nefndum kaupsamningi milli aðila segir m.a. eftirfarandi:

„Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Kærunefndin álitur að um kaupin gildi 17. gr. neytendakaupalaga, en þar segir:

17. gr. Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.

Ef notaðir hlutir eru seldir á uppboði þar sem neytandi hefur haft möguleika á að vera viðstaddur gilda ákvæði 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

Þá segir enn fremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ekkert bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Telur nefndin jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. Í því sambandi ber einkum að líta til þess að alls óvíst er að seljandi hafi haft vitneskju um þá galla sem áljitsbeiðandi telur vera á bifreiðinni. Verður því vart áljitið sem svo að vanræksla hafi átt sér stað í þessu tilliti og því ekki um galla að ræða í skilningi 16. gr.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið til muna verra en áljitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-liður 1. mgr. 17. gr. neytendakaupalaga.

Áljitsbeiðandi telur það vera galla á bifreiðinni að grindarnef hennar hafi verið skakkt og skipta hafði þurft um framstykki, stuðarabita og vinstra framljós.

Er það mat kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa að byggja megi á því að umræddir gallar hafi verið til staðar á kaupdegi bifreiðarinnar. Kærunefndin telur þó að seljanda hafi ekki verið kunnugt um umrædda galla. Ekkert kemur fram í gögnum málsins hvort kaupandi lét óháðan aðila meta ástand bifreiðarinnar fyrir kaup en telur kærunefndin að full ástæða hefði verið til þess þar sem fram kemur að seljandi upplýsti við sölu að um tjónabifreið væri að ræða. Því verður þó ekki slegið föstu að slík skoðun hefði leitt gallana í ljós þegar litið er til þess að umræddir gallar virðast ekki hafa sést í lögbundnum skoðunum á bifreiðinni.

Af framangreindu verður að telja að ástand bifreiðarinnar að þessu leyti hafi verið til muna verra en áljitsbeiðandi mátti ætla, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. Verður því að líta svo á að bifreiðin hafi verið haldin galla og eigi því áljitsbeiðandi úrbótarétt á hendur seljanda vegna þessa, sbr. ákvæði 26. gr. laganna. Kærunefndin telur að kvartanir áljitsbeiðanda hafi komið nægilega tímanlega fram í samræmi við ákvæði 27. gr. laganna.

Á kröfu áljitsbeiðanda verður að líta sem skaðabótakröfu og er það áljit kærunefndarinnar að seljanda beri að greiða áljitsbeiðanda bætur vegna galla, sbr. 33. gr. Við ákvörðun bóta verður engu að síður að hafa í huga að þegar bifreiðin var keypt var hún tæplega 7 ára og hafði verið ekið 112.000 km. eftir því sem fram kemur í kaupsamningi. Þá telur kærunefndin einnig að líta verið til þess við ákvörðun bóta að áljitsbeiðanda var kunnugt um að umrædd bifreið væri tjónabifreið við kaup og einnig sé ekki útilokað að það tjón sem áljitsbeiðandi lenti í hafi haft einhver áhrif á umrædda galla.

Niðurstaða kærunefndarinnar er sú að seljanda beri að greiða áljitsbeiðanda kr. 135.000.

VI

Áljitsorð

Seljandi, Y, greiði áljitsbeiðanda, X, kr. 135.000.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir